
STAÐARHÓLL Í DÖLUM:

HÖFUÐBÓL Í MINJUM, SÖGU OG SAGNARITUN

SAMANTEKT UM FRAMVINDU 2. RANNSÓKNARÁRS



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJ.)

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2022
FS873-20173



Skýrsla þessi er tileinkuð minningu Svavars Gestssonar sem lést í upphafi árs 2021. Svavar var einn helsti hvatamaður Staðarhólsrannsókna og það var fyrir hans tilstilli að rannsóknarþópurinn hittist fyrst og þróaði hugmyndir um fjölfaglegar rannsóknir á svæðinu. Svavar skilur eftir sig stórt skarð í hópnum og verður sárt sakenað.

Rannsóknir á Staðarhóli eru styrktar af RÍM sjóðnum (Ritmenning íslenskra miðalda)

Á ljósmynd á forsíðu er horft yfir Staðarhól og er kirkjugarðurinn á norðanverðum hólnum í forgrunni.

Ljósmynd: Gylfi Helgason

©2022

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆÐRABORGARSTÍG 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAMSTARF, MIÐLUN OG FUNDIR.....	7
3. FRAMVINDA FORNLEIFARANNSÓKNA 2021	10
4. FRAMVINDA UMHVERFISHLUTA 2021	16
3. FRAMVINDA SAGNFRÆÐIRANNSÓKNA 2021	21
6. FRAMVINDA BÓKMENNTAFRÆÐIRANNSÓKNA 2021.....	23
7. SAMANTEKT UM HELSTA ÁVINNING ÁRSINS 2021 OG NÆSTU SKREF	25
<i>LISTI YFIR ÞÁTTTAKENDUR.....</i>	<i>26</i>
<i>LISTI ÚTGÁFU Í TENGLUM VIÐ VERKEFNIÐ.....</i>	<i>28</i>
<i>VIÐAUKI: SÝNISHORN ÚR ÚTGÁFU RESENSBÓKAR.....</i>	<i>29</i>

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um framvindu 2. rannsóknarárs verkefnisins *Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* en verkefnið hlaut styrk úr rannsóknarsjóði RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) árin 2020 og 2021. Rannsóknarhópurinn að baki Staðarhólsrannsóknnum samanstendur af fræðimönnum frá Fornleifastofnun Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafni Íslands og frá sagnfræði-, bókmenntafræði- og líf- og umhverfisvísindadeildum Háskóla Íslands. Markmið Staðarhólsrannsókna er að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar og auka skilning á sögu og eðli jarðarinnar Staðarhóls þar sem hann bjó og starfaði um áratuga skeið. Tilgangur þeirra er að auka skilning á því umhverfi sem Sturla og verk hans eru sprottin úr og miðla þeirri þekkingu til fræðimanna og almennings.

Þeim rannsóknum sem unnar voru á öðru ári verkefnisins má skipta í fjóra hluta. Á sviði fornleifarannsókna voru gerðar ítarlegar borkjarnamælingar í og við bæjarhólinn á Staðarhóli og haldið áfram úrvinnslu á skráningu minja og menningarlandslags á Staðarhóli sem unnin var á vettvangi 2021. Á öðru ári var rannsókn á sviði umhverfishluta verkefnisins unnin en hún var fólgin í sýnatöku og greiningu frjókornasýna nærri Staðarhóli. Á sviði sagnfræðirannsókna var lokið við BA-verkefni um þjóðleiðir í Dölum og sömuleiðis var lokið meistaraverkefni sem snýr að rekstri Staðarhóls í gegnum aldirnar. Á sviði bókmenntarannsókna voru verkefni ársins tvíþætt, annars vegar var haldið áfram rannsóknum á Resensbók og hins vegar unnið að rannsóknarverkefni meistaránema um hugmyndafræði Hákonar sögu og rökin fyrir því að Sturla hafi verið höfundur hennar.

Efnisorð

Staðarhóll, Sturla Þórðarson, Saurbær, Dalir, RÍM, miðaldir, fornleifar, menningarlandslag, fornvistfræði, sagnfræði, bókmenntafræði

Summary

This document offers a progress report outlining the results of the second year of the research project *Staðarhóll in Dalir: Nature, culture and economy on an Icelandic church center*. The project is funded by RÍM (LCMI – Literary Culture in Medieval Iceland), a research award established to celebrate 75 years of Iceland's independence. The project is multidisciplinary and is set up as a three-year plan with an additional two years focusing on publication and outreach. The research group consists of scholars from the University of Iceland, the Institute of Archaeology in Iceland, the Árni Magnússon Institute for Icelandic studies and the National Archives of Iceland. The main aim of the research is to provide further knowledge of the work and surroundings of the thirteenth-century chieftain and historian Sturla Þórðarson, who lived and worked at the farm of Staðarhóll for a large part of his life, disseminating its results both to scholars and the general public.

Various work took place in the year 2021. In the archaeological part extensive coring was done on and around the farm mound of Staðarhóll as well as further processing and report writing based on the field survey done in 2020. Three independent research projects were finished within the year: (both MA and BA dissertations in history and a BS dissertation in geography) and additionally a MA dissertation in literature is under way and will be finished in year three of the project. Finally, the first part of a detailed study of *Resens book* - one of Sturla's writings that still remains unpublished in complete form - was finished.

Keywords


Staðarhóll, Sturla Þórðarson, Saurbær, Dalir, RÍM, archaeology, cultural landscape, paleoecology, historical studies, Medieval literature

1. Inngangur

Í maí 2021 var styrkjum úr sjóðnum RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) úthlutað í annað sinn. Meginmarkmið sjóðsins er að efla rannsóknir á sviði fornleifafraeði, sagnfraeði, textafræði og bókmenntafræði sem tengjast þeim stöðum þar sem ritmenning blómstraði á Íslandi á miðöldum. Tílefnið var að nú eru 75 ár liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi.¹

Verkefnið *Staðarhóll: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* var lagt upp til 3-5 ára og hlaut styrki úr sjóðnum árin 2020 og 2021. Rannsóknin er fjölfagleg og samanstendur hópurinn að baki umsókninni af fræðimönnum frá Fornleifastofnun Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafni Íslands og frá sagnfræði-, bókmenntafræði- og líf- og umhverfisvísindadeildum Háskóla Íslands. Markmið Staðarhólsrannsókna er að efla rannsóknir á verkum Sturlu Þórðarsonar, auka skilning á því umhverfi sem hann og verkin eru sprottin úr og miðla þeirri þekkingu til fræðimanna og almennings.

Sturla Þórðarson er jafnan kenndur við Staðarhól þar sem hann bjó og starfaði um áratuga skeið. Í rannsókninni eru hugmyndafræði og samhengi verka Sturlu könnuð ásamt því að varpa ljósi á



Mynd 1: Kort sem sýnir Staðarhól og staðsetningu jarðarinnar á Íslandskorti. Kortagerð Gylfi Helgason (loftmynd: Loftmyndir ehf).

¹ Tilkynning um sjóðinn á heimasíðu Snorrastofu, sjá: <https://snorrastofa.is/styrkir-vegna-rim-verda-auglystir-a-naestunni/>

forsendur ritmenningar á staðnum með víðtækum rannsóknum á landslagi, minjum og ritheimildum. Bæjarstæði Staðarhóls, hjáleigur, engjar og úthagar, seljalönd, ítök og auðlindir verða í forgrunni og verða niðurstöður bornar saman við önnur höfðingjasetur á miðöldum. Einnig verður hugað að víðara samhengi landshátta, allt í þeim tilgangi að öðlast betri þekkingu á staðarvali, landsháttum og samfélagi á Staðarhóli á miðöldum.

Í þessari skýrslu verður framvinda verkefnisins árið 2021 rakin. Styrk til verkefnisins var úthlutað í maímánuði 2021 og hófst vinna annars rannsóknarárs að vori. Vettvangsrannsóknir voru unnar sumarmánuðina en aðrar rannsóknir og úrvinnsla jafnt og þétt út verkefnisárið og er flestum verkliðum lokið en þeir sem útaf standa verða unnir fyrir marslok 2022 þegar verkefnisárið endar formlega. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir framvindu þeirra rannsókna sem unnar voru á árinu og farið yfir áætlanir um áframhaldandi rannsóknir á næstu árum. Skýrslan er þannig uppbyggð að fyrst verður farið yfir samskipti rannsóknarhóps verkefnisins og miðlun (kafla 2) og því næst rakin framvinda í hverjum verkþætti rannsóknarinnar á árinu (kafla 3-6). Að lokum verða teknar saman helstu niðurstöður og greint frá næstu skrefum sem ráðgert er að taka í rannsóknunum (kafla 7).

2. Samstarf, miðlun og fundir

Margvíslegt samstarf var milli rannsóknaraðila á fyrsta ári rannsókna og voru fundir haldnir reglulega. Verður hér gerð grein fyrir helstu fundum og samstarfi.

Samstarf og fundir

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2021 funduðu meðlimir Staðarhólshólmsins nokkrum sinnum, bæði í smærri hópum og í heild til að ræða framgang rannsókna og nýja umsókn. Fyrsti formlegi fundur rannsóknarhópsins árið 2021 var haldinn 21. janúar og fleiri fylgdu í kjölfarið, m.a. fundur í stjórn verkefnisins 15. febrúar og snerust þeir um yfirferð yfir fyrsta rannsóknarárið og ráðagerðir um frekari rannsóknir, ásamt því að unnið var að gerð umsóknar, framvinduskýrslu og uppgjöri ársins sem lauk með formlegum hætti í lok mars 2021.

Tilkynning um styrkveitingu til Staðarhólsrannsókna fyrir árið 2021 barst þann 19. maí 2021. Í kjölfarið var boðað til stórs fundar verkefnahóps í júníbyrjun. Fundurinn, sem haldinn var 3. júní, var tvískiptur. Fyrri hluta fundarins sátu, auk verkefnahóps, þeir nemandur sem tengdir voru rannsókninni og héldu þau öll erindi um sín verkefni. Nemandurinn var þau Sandra Gunnarsdóttir BA nemi í sagnfræði, Emil Gunnlaugsson meistaranemi í sagnfræði og Þorsteinn Björnsson meistaranemi í bókmenntafræði en verkefni þeirra hverfast öll um Staðarhól og/eða Sturlu Þórðarson og eru unnin fyrir styrk frá RÍM. Þá átti eftir að ganga frá ráðningu fjórða nemans, Gunnars Páls Ægissonar sem ráðinn var til verkefnisins þá um sumarið til að sinna umhverfisrannsóknum. Að erindum loknum viku nemandur af fundi og við tók umræða um stöðu og framhald rannsókna í ljósi nýrrar úthlutunar RÍM. Styrkurinn sem fékkst til rannsókna fyrir árið var ríflega helmingur af umbedinni upphæð og því ljóst að ráðast þyrfti í mikinn niðurskurð til að samræma verkáætlun og úthlutunarupphæð. Á fundinum og í kjölfar hans kom hópurinn sér saman um nýja rannsóknaráætlun. Ákveðið var að skera hvorki niður greiðslur til umhverfisrannsókna eða sagnfræðirannsókna í ár en fresta þess í stað þeim verkþætti sem snéri að vinnslu örnefna í *Sagamap* fram á þriðja ár. Að auki var fjármagn til fornleifafræðihluta og bókmenntafræðihluta (auk stjórnunar) skorðið niður um helming frá umsóknarupphæð.

Næsti fundur hópsins var haldinn 28. október 2021. Á honum kynntu allir verk hópar framvindu verkefnisins það sem af var verkefnisárinu. Kynntar voru fyrstu niðurstöður vettvangsrannsókna á bæjarhól Staðarhóls, fyrstu vísbendingar í frjókornagreiningu, framvindu vinnslu Resensbókar og nemendaverkefna og rætt um áframhaldandi úrvinnslu og miðlun.

Verkefnahópurinn fundaði aftur þann 13. janúar 2022. Fundurinn var m.a. haldinn til að fara yfir framvindu rannsókna um Staðarhól og til að undirbúa gerð framvinduskýrslu, auk þess

sem Emil Gunnlaugsson, meistaranemi í sagnfræði gerði stuttlega grein fyrir lokaniðurstöðum rannsóknar sinnar á rekstri Staðarhóls.

Enn var fundað í verkefnahópi þann 7. febrúar 2022 og sama dag fundaði stjórnin um framvindu verks. Á fundinum var farið yfir framvindu rannsókna, gerð framvinduskýrslu og umsóknar fyrir árið 2022 auk þess sem ræddar voru hugmyndir um miðlun og útgáfu á 4. og 5. ári. Í febrúar voru mikil samskipti í rannsóknarhópnum, bæði innan smærri verkefnahópa og í hópnum í heild og sneru þau mest að gerð framvinduskýrslu og uppfærslu áætlana fyrir árið 2022 sem og umsóknargerð.

Auk funda rannsóknarhópsins hafa þeir aðilar sem vinna saman að hverjum verkþætti fundað margoft yfir árið og fundir hafa einnig verið haldnir þvert á rannsóknarhópa.

Miðlun

Miðlun rannsókna var með ýmsum hætti á árinu, þrátt fyrir að samkomutakmarkanir hafi sett mark sitt á þann þátt verksins. Áfram var haldið úti opinberri facebooksíðu fyrir rannsóknarverkefnið og á henni er myndum og frásögnum af framgangi verksins miðlað. (Facebook síða: *Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* <https://www.facebook.com/Staðarhóll-Dölum-Höfuðból-í-minjum-sögu-og-sagnaritun-110730747382093>)

Á öðru ári Staðarhólsrannsókna var mikill kraftur í rannsóknarverkefnum nema og hefur þremur rannsóknarverkefnum innan verkefnisins þegar verið lokið og er það fjórða langt komið. Sandra Gunnarsdóttir, BA nemi í sagnfræði lauk ritgerðinni sinni *Þjóðleiðir í Dölum Ferðalög Dalanna á 12. og 13. öld* um mitt árið en ritgerðina vann hún undir stjórn dr. Sverris Jakobssonar. Emil Gunnlaugsson, sem einnig vann sitt verkefni undir leiðsögn Sverris, gerði ítarlega greiningu á þeim tekjum sem Staðarhólsstaður naut frá því um 1200 og til 1700 á formi tíundar, tolla, eigna og ítaka. Meistararitgerð hans *Staðarhólskirkeja 1200–1700 Auður, tekjur og búskapur* kom út í upphafi árs 2022. Gunnar Páll Ægisson, BA nemi í landfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, greindi frjókornasýni við Staðarhól undir leiðsögn Egils Erlendssonar og vann á grundvelli þeirra ritgerðina *Náttúra og mannvist: Eðli og ástæður umhverfisbreytinga við Staðarhól í Dalasýslu frá byrjun 2. aldar f.Kr. til loka 17. aldar e.Kr.* sem var skilað í upphafi árs 2022. Útgefna ritgerðir eru í opnum aðgangi á Skemmunni (sjá hlekk í ritaskrá aftarlega í skýrslu).

Auk rannsókna nemenda kom út skýrsla í upphafi árs 2022 um þær vettvangsrannsóknir sem unnar voru í fornleifahluta verkefnisins sumarið 2021 en þær hverfðust um Staðarhól og fólust í víðtækum borkjarnarannsóknum í og við bæjarhólinn. Fyrir lok verkefnisársins, í mars 2022 er

svo ráðgert að út komi ríkulega myndskreytt lokaskýrsla um fornleifaskráningu á Staðarhóli og í Staðarhólsdal sem einnig hefur verið unnið að í fornleifahluta verkefnisins á árinu.

Bók dr. Úlfars Bragasonar um þá mynd sem Sturla Þórðarsonar dregur upp af Snorra Sturlusyni í Íslendinga sögu kom út síðla árs hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Bókin ber heitið *Reykholt Revisited: Representing Snorri in Sturla Þórðarson's Íslendingasaga* og hélt Úlfar erindi um efnið í fyrirlestri á vegum Miðaldastofu þann 13. janúar.

Til stóð að halda kynningu á fyrstu niðurstöður Staðarhólsrannsókna á málþinginu *Staðarbóll í Dölum: höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* á Íslenska söguþinginu í maí 2021 en þinginu var frestað vegna sóttvarnatakmarkana. Einnig stóð til að kynna verkefnið á Sturluráðstefnu í Dölum síðsumars en var henni einnig frestað af sömu orsökum.

Ýmis konar kynning verður á verkefninu á þriðja ári rannsókna. Stefnt að því að vera með nokkra fyrirlestra, bæði á Hugvísindapíngi í 11.-12. mars og á Íslenska söguþinginu 19.-21. maí 2022. Á Hugvísindapíngi verður fjallað um Staðarhólsrannsóknir á sérstakri málstofu helgaðri rannsóknunum. Málstofustjóri verður Úlfar Bragason og mun hann einnig vera með erindi þar sem fjallað verður um afstöðu Sturlu sagnaritara til konungsvaldsins. Auk Úlfars munu þau Þórdís Edda Jóhannesdóttir, Þorsteinn Björnsson/Ármann Jakobson og Emil Gunnlaugsson/Sverrir Jakobsson vera með erindi á þinginu. Á íslenska söguþinginu verður einnig málstofa helguð Staðarhólsrannsóknum en þar mun þau Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Sandra Gunnarsdóttir og Emil Gunnlaugsson halda fyrirlestra. Auk kynningar á ofangreindum ráðstefnum er gert ráð fyrir að kynna verkefnið almenningi í heimahéraði síðsumars 2022, á Staðarhólshátíð. Auk fyrirlestra og kynninga er stefnt að því að á árinu verði lokið við tvær nemendaritgerðir í bókmenntafræði og einnig unnin ritgerð í sagnfræði. Að auki verður gefin verður út skýrsla um þær fornleifarannsóknir sem ráðgert er að vinna á þriðja ári.

Gert er ráð fyrir að vægi miðlunar á niðurstöðum rannsókna aukist enn á síðari árum verkefnisins (4.-5. ári) og er þá gert ráð fyrir að miðla rannsóknum með útgáfu og fyrirlestrum, en einnig með hönnun e.k. kortavefsjár.

3. Framvinda fornleifarannsókna 2021

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Kristborg Þórsdóttir

Markmið fornleifarannsókna í Staðarhólsverkefninu er að greina landshætti á Staðarhóli og þeim jörðum í nágrenninu sem tilheyrðu henni á fyrri öldum, kortleggja allar þekktar minjar og lesa í



Mynd 2: Kort sem sýnir dreifingu borkjarna sem teknir voru á Staðarhóli sumarið 2021. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

menningarlandslag fyrri alda. Í fornleifahluta Staðarhólsrannsókna er ekki einungis Staðarhólsjörðin undir heldur Staðarhólsdalur í heild sinni.

Verkátun ársins 2021 gerði ráð fyrir þrjú þættum rannsóknum í þessum hluta Staðarhólsrannsókna, þ.e. könnunarrannsókn á og við bæjarhól Staðarhóls, úrvinnslu skráningar á Staðarhóli og Staðarhólsdal (sem unnin var á vettvangi 2020) og MA ritgerð nema. Eftir úthlutun var ljóst að skera þyrfti upprunalegar áætlanir niður um helming og því ákveðið að fella MA ritgerð niður úr verkátun og skera einnig nokkuð niður fyrirhugaðar vettvangsrannsóknir á Staðarhóli. Áætlun ársins eftir niðurskurð var því tvíþætt: annars vegar að hefja ítarrannsóknir á Staðarhóli með því að taka fjölda kerfisbundinna borkjarnasýna á og í kringum bæjarhólinn til þess að freista þess að fá góða hugmynd um gerð og dreifingu mannvistarlagu umhverfis hólinn og um samsetningu og þykkt öskuhauga í bæjarhól og hins vegar að vinna úrvinnslu og rita vandaða skýrslu um skráningu menningarlandslags á Staðarhóli og í Staðarhólsdal. Hér er gerð stuttlega grein fyrir framvindu hvors verkþáttar en ítarlegri umfjöllun um þá er að finna í skýrslum sem fjalla um hvorn hluta.

Vettvangsrannsóknir á Staðarhóli voru unnar síðsumars 2021. Guðrún Alda Gísladóttir fór fyrir rannsóknunum en ásamt henni sá Gylfi Helgason um borkjarnarannsóknir og einnig um myndatökur með flygildi og kortagerð. Auk þeirra komu Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna



Myndir 3-4: Á mynd 3 (til vinstri) má sjá Gylfa Helgason taka borkjarnasýni í nágrenni Staðarhóls. Á mynd 4 (til hægri) eru perlurnar tvær sem fundust þegar snið var breinsað upp sunnarlega í bæjarhólnum.

Lárusdóttir lítilega að rannsóknum. Markmið rannsókna var að kanna hvort fornleifar væri að finna undir sverði í túninu í kringum bæjarhólinn á Staðarhóli og byggði staðsetning borkjarnanna á grunni fornleifaskráningar. Boraðir voru um 85 borkjarnar á níu línunum og svæðum. Sjö línur mynduðu geisla í vestur, norður og austur út frá hólunum, ein lína var neðan hóls til að kanna mannvistarleifar við hólinn og auk þess var kannað svæði sunnan til í bæjarhólunum til að finna mörk öskuhaugs sem þar kom í ljós. Koladreif minnkaði jafnt og þétt frá bæjarhól og engin áberandi eldsmerki fundust í túninu. Mýri var í kringum bæjarhólinn fyrrum og mó- og leirmyndun áberandi í jarðveginum. Umfangsmikill öskuhaugur, einkum móaska, er sunnan til á hólunum, að húsabaki gamla bæjarins. Þá fundust öskulög neðarlega í jarðlagaskipan suðaustan og suðvestan í hólunum, dýpst um 1,5 m undir sverði.

Á tveimur stöðum voru hreinsuð upp snið þar sem myndast hafði rof í hólinn. Í rofi ofarlega í öskuhaugi fundust perlur úr tálgukslíku efni (tálgukslíka/ svartaraf, brúnkol, surtarbrandur eða leirsteini). Eru þær taldar frá síðari öldum. Í rofi við kirkjugarðsvegg, suðvesturhorni garðsins, má sjá gjóskulag frá Heklu 1693 óslitið undir þeim vegg sem nú er sjáanlegur á yfirborði.

Borkjarnarannsóknir á Staðarhóli gáfu innsýn í það hvers er að vænta undir sverði á bæjarhólunum og í næsta nágrenni. Í framhaldinu gæti verið áhugavert að kanna jarðlagaskipan í



Myndir 5: Snið sem hreinsað var upp sunnarlega í bæjarhólunum og leiddi í ljós leifar öskuhaugs

öskuhaugum sunnan-, suðvestan- og suðaustantil á bæjarhól með könnunarskurðum til rannsaka viðurværi og efnahag Staðarhólsbænda eftir tímabilum. Könnunarskurðir norðan við heimreið gætu gefið upplýsingar um hvernig hús stóðu þar og eins gæti verið áhugavert að kanna valda staði á hólrananum norðaustan við bæjarhól með könnunarskurðum til að fá frekari upplýsingar húsakost þar. Úrvinnsla rannsókna sumarsins var unnin á haust og vetrarmánuðum 2021 og var skýrslugerð lokið í ársbyrjun 2022 og hún send sjóðnum ásamt framvinduskýrslu.

Auk vettvangsrannsókna á Staðarhóli var hluti fornleifarannsókna ársins fölginn í úrvinnslu þeirra gagna sem safnað var við vettvangsskráningu 2021. Auk minja á Staðarhóli voru allar minjar skráðar á 11 jörðum í Staðarhólsdal: í Miklagarði, Fjósakoti, Kjarlaksvöllum og Þurranesi (hjáleigur á 13. öld, Sturla Þórðarson), á Þverfelli (eign Staðarhólskirkju 1354), Þverdal, Eysteinsstöðum, Saurhóli (sem allar tilheyrðu Staðarhóli á 13. öld), á Kverngrjóti, á Bjarnastöðum (sem tilheyrðu Staðarhóli um 1500) og í Tjaldanesi. Mikilvægt þótti að skrá minjar í Tjaldanesi því að hún er eina jörðin á svæðinu sem á land að sjó og hafði hún því mikla þýðingu með tilliti til samgangna en einnig vegna sölvatekju sem stunduð var við Sölvatanga og hefur talist til mikilvægra hlunninda.



Mynd 6: Dæmi um skráðan minjastað. Staðarhóll átti selstöðu undir Seljamúla í Selhvammi í Traðardal rúmum 5 km frá Staðarhólsbænum. Í Selhvammi voru skráðar 11 fornleifar á víðfeðmu minjasvæði og greinilegt er að þar leynast minjar frá mismunandi skeiðum. Miðsvæðis er fremur stöðilegur rústabóll (sjá 04) og á honum eru yngri og eldri selminjar en í kring eru minni tóftir sem flestar eru með óráð blutverk. Þar eru einnig ummerki um mótektju eða torfristu (sjá nr. 03) og stór réttartófti (nr. 10) sem er sýnilega talsvert yngri en aðrar minjar á svæðinu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Samtals voru skráðar um 450 fornleifar en aðeins unnin lágmarksúrvinnsla 2020. Í 2. verkáfangi var hins vegar haldið áfram úrvinnslu og henni lokið. Í úrvinnsluferlinu var skráningin borin undir heimildamenn sem þekkja vel til á svæðinu og bárust góðar ábendingar frá þeim. Þegar er vinnu við gerð teikninga af öllum tóftum í Staðarhólsdal lokið og sömuleiðis gerð allra vettvangskorta. Unnið er að ritun skýrslu og uppsetningu og er gert ráð fyrir að ljúka skýrslugerð innan verkársins, í lok mars 2022.



Mynd 7: Kort sem sýnir staðsetningu Staðarhóls og rannsóknarsvæðisins. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Í skýrslunni verður fjallað um allar þekktar minjar á jörðum í Staðarhólsdal sem heyrðu undir Staðarhól á miðöldum, auk Tjaldaness. Gerð verður grein fyrir sögu hvernar jarðar og öllum þeim minjum sem þekktar eru innan marka þeirra. Auk þess verður rýnt í þróun byggðar á svæðinu út frá fornleifum, örnefnum og sögulegum gögnum. Þá verða gerð þrívíddarlíkön og greining á menningarlandslagi unnin.

4. Framvinda umhverfisluta 2021

Egill Erlendsson

Vinna við umhverfisrannsóknir hófst af fullum krafti á árinu og lauk innan rannsóknarársins. Þátttakendur í þessum rannsóknarhluta eru Egill Erlendsson, prófessor í landfræði við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ (sem stýrir verkþætti) og Gunnar Páll Ægisson, BS nemi í landfræði við HÍ. Sá styrkur sem fékkst úr RÍM sjóðnum 2021 fjármagnaði ríflega þriggja mánaða laun Gunnars Páls, sumarið 2021. Afraksturinn er gagnasöfn sem innihalda upplýsingar um vettvangsvinnu, gögn um frjókornagreiningar og jarðvegsgreiningar. Þessar upplýsingar liggja til grundvallar BS verkefnis Gunnars Páls í landfræði sem hann lauk í upphafi árs 2022 og mun hann útskrifast í febrúar 2022. Hér fyrir neðan verður tæpt á helstu niðurstöðum, nánari útlistanir á verkinu og niðurstöður eru í ritgerð Gunnars Páls sem (sjá hlekk aftarlega í framvinduskýrslu) og er vísað til heimilda sem þar birtast.

Helstu markmið umhverfisrannsóknanna voru:

- 1) að draga fram mynd af þeim náttúrulegu ferlum og aðstæðum sem áttu sér stað og ríktu fyrir og um tíma landnáms,
- 2) að kanna með umhverfisgögnum hvenær áhrif mannsins birtast í jarðlögum við Staðarhól,
- 3) að meta hraða og eðli landbreytinga sem geta gefið vísbendingar um ákefð landnýtingar við Staðarhól,
- 4) að kanna með frjógreiningu hvort kornrækt, sem hugsanlegt merki höfðingjabúskapar, birtist í frjóregni við Staðarhól.

Til þessara rannsókna var beitt frjógreiningu, sem er hryggjarstykki verksins auk greininga á lífrænu innihaldi mójardar (Histosol) og segulviðtaki (e. magnetic susceptibility), sem veitir upplýsingar um aukningu eða minnkun á hlut seglumagnaðs efnis í mójörð sem gefur vísbendingar um ferla jarðvegsrofs og stöðugleika í yfirborði lands.

Farnar voru þrjár vettvangsferðir sem hluti af umhverfisrannsókn fyrir Staðarhólsverkefnið. Í fyrstu ferð var sótt sýni við fornar seljarústir í Traðardal sem áður tilheyrðu Staðarhóli (mynd 8 og 9). Borað var með jarðvegsbor á fjölda staða áður en endanleg staðsetning var valin. Sú vinna sýndi fram á mikið rask. Stutt var niður á jökulleir og í jarðlögin vantaði jafnan þau gjóskulög sem búast má við að finna. Ef til vill lýsir þetta jarðraski, t.d. torfskurði sem efnisöflun fyrir byggingarnar sem rústirnar bera merki um. Sýni var að lokum tekið úr votlendi í halla um 50 m frá rústum seljanna. Sýnið bíður greininga.



Myndir 8-9. Á mynd 8 (til vinstri) er kort sem sýnir staðsetningu selsins í Traðardal en á mynd 9 (til hægri) er horfi yfir sýnatökustaðinn.

Í næstu vettvangsferð var markmiðið að finna sýni nærri Staðarhóli sem gæti gefið vísbendingar um umhverfisbreytingar af völdum mannvistar og landnotkun við Staðarhól. Sýnataka fór fram að lokinni yfirferð um svæðið með jarðvegsbor. Í þriðju ferðinni var leitað að óröskuðu sýni úr mýri sem innihéldi ljósa (súra) gjósku úr Torfajökli frá um 877 og dökka (ísúra) gjósku úr Heklu frá 1693. Slíkur staður fannst um 20 m frá vegi og um 20 m frá því sem virðist vera forn túngarður. Grafín var hola og sýni skorið úr vegg hennar (sjá myndir 10-12). Unnið var með sýnið sumarið 2021 og ritgerð um rannsóknina skilað í ársbyrjun 2022.



Myndir 10-12. Á ljósmynd lengst til vinstri (mynd 10) er sýnatökustaður, á miðjumynd (mynd 11) má sjá snið og á mynd lengst til hægri (mynd 12) sýnið. Litaskil frá dökkebrúnum mó yfir í ljósari mó með ljóstri rönd í milli voru upphaflega (af EE) talin vera staðsetning landnáms og landnámsgjósku í sýninu. Eftir efnagreiningar á gjóskunni kom í ljós að uppruni hennar er í Snafellsjökli.

Helstu aðferðir

Gjóskegureining

Þrjú gjóskulög fundust í sýninu, öll af þekktum uppruna og aldri. Þetta eru gjóskulögin Ssn1 Snæfellsjökull; aldur = 175 ± 45 e.Kr.), landnámsgjóska (Torfajökull og Vatnaöldur; aldur 877 ± 1 e.Kr.) og Hekla 1693 e.Kr. Uppruni gjóskulaganna var staðfestur með efnagreiningum, aldur þeirra með fyrri rannsóknum á svæðinu. Inn í þetta tímatal eru aðrar greiningar felldar. Beitt var þrenns konar aðferðum: 1) setlýsingu skv. Troels-Smith kerfi, 2) greiningu á hlutfalli lífræns efnis með glæðitapi og 3) mælingu á segulviðtaki (e. magnetic susceptibility). Greind voru frjókorn úr 23 hlutsýnum úr kjarnanum sem ná yfir tímabilið frá því um 200 f.Kr. til 1693.

Helstu niðurstöður

Setgreiningar (mynd 13)

Lífrænt efni í mómýrinni er hátt yfir allt rannsóknatímabilið en mælist minna þar sem gjóskulögin liggja. Gildi segulviðtaks fylgja öfugum ferli miðað við lífræna innihaldið. Þar sem lífrænt innihald minnkar er meira um segulmagnað efni í jarðveginum. Gögnin benda til aukins óstöðugleika í yfirborði lands frá þeim tíma sem gjóskulagið Ssn1 lagðist yfir allt Norðvesturland og fram að tíma landnáms. Kannski hafði gjóskulagið fyrst neikvæð áhrif á gróður og jarðveg og síðan kólnandi loftslag frá um 450-500.


Eftir landnám er ekki að sjá verulegar breytingar í stöðugleika lands, fyrr en kemur fram yfir ~1500. Ef til vill leiddi kólnandi loftslag þá til hækkunar á grunnvatnsstöðu í mýrinni og þar með minnkuðu niðurbroti lífræns efnis.

Frjógureining (mynd 14)


Hlutfallsleg samsetning frjókorna í mýrinni bendir til yfirburðastöðu birkis í því gróðursamfélagi sem ríkti áður en Ssn1 lagðist yfir. Lækkað hlutfall birkifrjókorna og gróa frá burknum að viðbættum auknum fjölda af tegundum/hópum frjókorna og gróa kann að benda til að sólarljós hafi náð betur niður í skógarbotn og til aukins fjölbreytileika í búsvæðum gróðurs. Þetta eru dæmigerð áhrif rasks.

Í kringum landnám birtast hin dæmigerðu ummerki mannvistar. Þéttleiki og hlutfall birkifrjókorna fellur hratt og grasfrjókorn auka hlut sinn. Þetta er merki sem birst hefur við flesta stærri bæi þar sem frjógureiningu hefur verið beitt. Nýtt jafnvægi myndast þar sem beitarpólnar plöntur ná yfirburðastöðu. Þetta jafnvægi helst þar til um ~1500. Þá eykst hlutur stara sem, eins og aukið lífrænt efni, bendir til hækkaðrar grunnvatnsstöðu í mýrinni.

Engin ummerki fundust um byggrækt á höfðingjasetrinu Staðarhóli. Með tilliti til kornræktar má leiða líkum að því að landfræðileg staðsetning hafi ekki vegið þungt í rekstri höfðingjabýlisins, þar sem landi hallar til norðvesturs, undan sólu mestan part sólarhringsins.



Mynd 13. Dróm lífræns innihalds og segulviðtaksgilda í mýrarkjarnanum.



Mynd 14. Hlutfall frjókorna og gróa að stórum frátöldum í reiknisummu. Grafíð sýnir einnig blutföll byrkningagróa og víðarkola og þróun eftir dýpi. Dálkurinn CONISS, lengst til hægri á myndinni sýnir skiptingu frjókornasýnanna eftir innbyrðis skyldleika þeirra.

3. Framvinda sagnfræðirannsókna 2021

Sverrir Jakobsson

Í sagnfræðihluta verkefnisins var megináherslan lögð á tvö nemendaverkefni sem lokið var á árinu 2021:

1. *Rekstur staðarins*

Emil Gunnlaugsson fjallaði um búskap á Staðarhóli frá um 1200 til um 1700 í meistararitgerð sinni (sjá hlekk aftarlega í skýrslu). Staðarhóll var bændakirkja en stundum *beneficium*, þ.e. kirkjulén, eftir hvernig vindar blésu, og er sú þróun rakin í ritgerðinni. Jörðin var lengi vel valdamiðstöð og stórt höfuðból, með þeim stærslu á landsvísu. Í byrjun átjándu aldar var hún langríkasta bændakirkja landsins. Ritgerðin leitaðist við að svara eftirfarandi spurningum:

i. *Tekjur staðarins*. Efnahagslegar forsendur kirkjustarfs voru annars vegar tíund og tollar og hins vegar eignir og ítök. Litið var á máldaga og önnur skjöl staðarins til að greina tekjur Staðarhóls og þróun þeirra frá um 1200 og fram til um 1700.

ii. *Rekstur staðar, búskapur*. Hvernig var búskap og búrekstri háttað á Staðarhóli í gegnum aldirnar? Samanburður á miðaldamáldögum og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns hefur leitt í ljós að búnaðarumsvif margra gamalla stórbýla drógust umtalsvert saman á 16. og 17. öld. Hvernig var staðan á Staðarhóli? Jarðabókin og kvikfjartalið frá öndverðri 18. öld ásamt búnaðarskýrslum yfirvalda, svo sem sýslumanna og Vesturamts, veita heildstæðar upplýsingar um búnaðarhætti og þróun þeirra á 18. og 19. öld. Niðurstöður greiningar á þessum upplýsingum má nota til að varpa skýrara ljósi á þróunina á miðöldum, sem lesa má úr máldögum og öðrum fornbréfum.

Emil var ráðinn til starfa á haustmánuðum 2020 og hóf þá gerð rannsóknaráætlunar en ritgerðinni var skilað 10. janúar 2022. Sverrir Jakobsson var leiðbeinandi ritgerðarinnar og þeir Benedikt Eyþórsson voru í forsvari fyrir þessum hluta innan Staðarhólsverkefnisins.



Mynd 15. Mikil sölvatekja var í Saurbæjarfjöru fyrr á öldum og átti Staðarbóll þar t.d. tökurétt. Á Sölvatanga í landi Tjaldaness eru talsverðar minjar sem eru óvenjulegar og ætla má að tengist sölvatekju og þurrkun. Staðarbóll átti mikil ítök í gegnum aldirnar, m.a. í Saurbæjar sölvafjöru og skipastöðu og naustagjörð, s.k. Staðarnaust í Tjaldaneslandi samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705, bindi. VI, 160. Ljósmynd Gylfi Helgason.

2. Þjóðleiðir í Dölum

Hitt nemendaverkefnið í sagnfræðihluta rannsókna var BA ritgerð um þjóðleiðir í Dölum þar sem kannaðar voru fornar slóðir og vegir sem nýttust til ferðalaga á árunum 1100-1350. Einnig voru skoðaðar þjóðleiðir fyrir og eftir þann tímaramma til samanburðar. Fyrirmyndirnar eru ýmsar, t.d. athuganir Helga Þorlákssonar á ýmsum höfuðbólum Sturlungaaldar, s.s. Odda, Sauðafelli, Hruna ofl. en einnig vönduð BA-ritgerð Tryggva Más Ingvarssonar um þjóðleiðir í Reykholtssdal. BA-neminn Sandra Gunnarsdóttir sá um þennan verkhluta og skilaði lokaritgerð í maí 2021. Sverrir Jakobsson var leiðbeinandi BA ritgerðarinnar.

6. Framvinda bókmenntafræðirannsókna 2021

Dórdís Edda Jóbannesdóttir, Úlfar Bragason og Ármann Jakobsson

Meginmarkmið bókmenntahluta verkefnisins er að auka þekkingu á sagnaritun Sturlu Þórðarsonar og ritstofu hans. Lagt var upp með tvo þætti í rannsókninni, annars vegar frekari athuganir á svokallaðri Resensbók og hins vegar rannsóknir á verkum Sturlu í víðara samhengi með áherslu á hugmyndafræðilegan bakgrunn.

Á árinu 2021 hefur Þorsteinn Björnsson, MA-nemi í íslenskum bókmenntum, unnið að lokaritgerð sinni sem fjallar um rökin fyrir því að Sturla hafi samið *Hákonar sögu*, hugmyndafræði verksins og hvernig afstaða sagnaritarans til manna og málefna birtist í sögunni og hvort það megi tengja hana við ritunartíma sögunnar upp úr 1260. Ritgerðin er langt komin og verður lokið á árinu 2022.

Á árinu kom út bók Úlfars Bragasonar, sem er einn þátttakenda í verkefninu, *Reykjahlolt Revisited: Representing Snorri in Sturla Þórðarson's Íslendinga saga*. Í bókinni fjallar Úlfar um þá mynd sem *Íslendinga saga* Sturlu dregur upp af Snorra Sturlusyni, um viðhorf og aðferð sagnaritarans og textasamfélags hans. Rit Úlfars er mikilvægt framlag til rannsókna á hugmyndafræðilegum bakgrunni verka Sturlu Þórðarsonar sem er einn megintilgangur þessa verkefnis.

Vinna við rannsóknir Resensbókar miðaði jafnt og þétt á árinu 2021. Líkt og rætt er í fyrri skýrslu er Resensbók heiti yfir handrit sem brann í Kaupmannahöfn 1728. Bókin er kennd við Peder Hansen Resen sem gaf bókasafn sitt til Kaupmannarhafnarháskóla 1685–88 en bókina hefur Árni Magnússon síðar eignast. Bókin hefur innihaldið alfræði ýmiss konar og hafa nokkrir fræðimenn fært rök fyrir því að bókin hafi verið í eigu Sturlu Þórðarsonar, rækilegast hafði um það fjallað Stefán Karlsson. Stefán hafði unnið að útgáfu á þeim textum Resensbókar sem varðveittir eru í uppskriftum en vannst ekki tími til að klára hana. Í samtímaskrá um safn Resens er varðveitt efnisyfirlit um það sem var í Resensbók. Af þeim efnisþáttum sem þar eru taldir upp eru nokkrir sem hafa hvergi varðveist, en aðrir varðveittir í mismörgum afritum. Sumir þessara efnisþátta hafa aldrei birst á prenti en það eru textar sem í efnisskránni eru nefndir *Heimsaldrar*, *Páfatal*, *Patríarkatal*, *Ábótatal*, *Um Þýskalandskeisara* og *Langfæðgatal*. Á árinu 2021 var lögð áhersla á að klára uppskriftir allra þessara óprentuðu texta og hefur það nú verið gert. Allir textarnir voru skrifaðir upp stafrétt eftir handritinu DG 34–36. Handritið er frá fyrri hluta 17. aldar og sá hluti hans sem inniheldur texta Resensbókar væntanlega skrifaður eftir henni rétt áður en hún fór til Danmerkur. DG 34–36 var í eigu Brynjólfs Sveinssonar biskups en hann sendi það svo sænska fræðimanninum Stephanus J. Stephanius og er bókin því geymd í Svíþjóð. Uppskriftirnar voru gerðar eftir ljósmyndum og

bornar saman við óprentuð gögn Stefáns Karlssonar. Enn á eftir eftir að lesa yfir og bera saman við önnur handrit. Mikilvægt er að lesa til dæmis *Langfeðgatal* saman við handritið AM 1 e beta fol. sem er uppskrift Árna Magnússonar og þykir mjög nákvæm. Þessi vinna er hafin. Sem sýnhorn af vinnunni fylgir í viðhengi framvinduskýrslu textinn *Um Þýskalandskeisara* stafréttur eftir DG 34–36 og upp settur í tveimur dálkum líkt og í handritinu. Ítrekað skal að textinn er óyfirlesinn, enn nokkur vafaatriði, og mun að lokum vera prentaður með samræmdri stafsetningu fremur en stafréttri.

Vinna við Resensbók hefur sem fyrr verið í höndum Þórdísar Eddu Jóhannsdóttur og dreifðist yfir allt árið. Reiknað er með að samlestur við önnur handrit og vinna við að ganga frá textunum með samræmdri stafsetningu falli einnig undir styrkárið 2021 og ljúki í marsmánuði 2022. Næstu skref eru að semja skýringar við textana en sú vinna er þó óhjákvæmilega þegar komin af stað meðfram gagnasöfnun og yfirferð á óprentuðum gögnum Stefáns Karlssonar sem unnið var að árið 2020.

7. Samantekt um helsta ávinning ársins og næstu skref

Góður gangur var í Staðarhólsrannsóknnum árið 2021 þrátt fyrir að verkáætlun hafi óhjákvæmilega tekið nokkrum breytingum þar sem sá styrkur sem veitt var til verksins var aðeins ríflega helmingur af umbeðinni fjárhæð. Ljóst var að ekki var hægt að skera niður fjármagn til sagnfræði- eða umhverfisluta og því var ákveðið að fresta alfarið vinnu við gerð Sagamap fyrir svæðið fram á 3. ár og skera framlag til fornleifa- og bókmenntahluta niður um helming (aук stjórnunarkostnaðar). Sú áætlun verkefnisins sem lá fyrir í sumarbyrjun 2021 hefur staðist að flestu leyti. Líkt og á fyrsta ári setti Covid-19 faraldurinn mark sitt á vísu verkþætti, fundarhöld og samskipti sem og miðlun að einhverju marki. Að öðru leyti má segja að framvinda verksins hafi verið í takt við áætlanir.

Á fyrsta ári voru ráðnir þrjú nemar til verksins (MA nemi í bókmenntafræði og sagnfræði og BA nemi í sagnfræði) og á öðru ári ár bættist fjórði neminn við, BA nemi í landfræði. Þrjú af nemendum hafa þegar lokið rannsóknnum sínum en sá fjórði, meistaranemi í bókmenntafræði stefnir á að ljúka sínum rannsóknnum árið 2022.

Haldnir voru fjölmargir fundir innan verkefnisins á árinu, bæði innan smærri hópa og með rannsóknarhópnum öllum. Stefnt er að því að halda slíkri samvinnu áfram á næstu árum og auka hana samhliða því að dregið verður úr samkomutakmörkunum og slakað verður á sóttvarnareglum.

Á þriðja ári er gert ráð fyrir að halda áfram fornleifarannsóknnum, m.a. með með ítarlegri rannsókn og skurðagreftri í og við bæjarhól Staðarhóls og skráningu menningarlandslags í Fagurey þar sem Sturla Þórðarsson bjó síðustu æviárin. Í sagnfræði er stefnt að því að vinna nemandaverkefni og í bókmenntafræði að því að ljúka meistaranannsókn sem langt er komið og vinna annað nemandaverkefni, auk áframhaldandi rannsóknnum á Resensbók.

Gert er ráð fyrir því að vinna við gerð Sagamap fyrir Staðarhólsdal hefjist á árinu og einnig verður sótt um styrk fyrir þeim verkþætti sem snýr að rannsóknnum á tengslaneti (verkþáttur 2/GIS – Gísli Pálsson).

Á árinu er gert ráð fyrir að kynna Staðarhólsrannsóknir bæði á Hugvísindapíngi 11.-12. mars og á Íslenska sögupínginu 19.-21. maí 2022 en þar verður málstofa helguð Staðarhólsrannsóknnum. Að auki er stefnt á kynningu á Staðarhólshátíð, síðsumars 2022.

Listi yfir þátttakendur

Staðarhólsverkefnið er samstarfsverkefni eftirfarandi stofnana

Fornleifastofnunar Íslands ses

Háskóla Íslands

Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Þjóðskjalasafns Íslands

Helstu þátttakendur eru:

Ármann Jakobsson prófessor í íslenskum bókmenntum við HÍ

Benedikt Eypórsson fagstjóri á Þjóðskjalasafni

Birna Lárusdóttir sérfræðingur á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Egill Erlendsson prófessor í líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

Elín Ósk Hreiðarsdóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands (verkefnisstjóri)

Emil Gunnlaugsson MA nemi í sagnfræði við HÍ

Emily Lethbridge rannsóknarlektor hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Garðar Guðmundsson sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Gísli Pálsson dósent við Bergenháskóla

Gylfi Björn Helgason sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Guðrún Alda Gísladóttir, sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands

Gunnar Páll Ægisson BA nemi í landfræði við HÍ

Kristborg Þórsdóttir sérfræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands


Sandra Gunnarsdóttir BA nemi í sagnfræði við HÍ

Sverrir Jakobsson prófessor í sagnfræði við HÍ

Úlfar Bragason prof. emeritus við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Þorsteinn Björnsson MA nemi í íslenskum bókmenntum við HÍ

Þórdís Edda Jóhannesdóttir sérfræðingur við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



Listi yfir útgáfu í tengslum við verkefnið

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2021. *Staðarbóll í Dölum, höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun: Samantekt um framvindu fyrsta rannsóknarárs*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS833-20171.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. 2022 (væntanleg). *Menningarminjar á Staðarbóli og í Staðarbólsdal*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands númer FS861-21174.

Emil Gunnlaugsson. 2022. *Staðarbólskirkja 1200-1700: Auður, tekjur og búskapur*. M.A. ritgerð í sagnfræði, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Emils er aðgengileg á Skemmuni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/40348>

Guðrún Alda Gísladóttir og Gylfi Helgason. 2022. *Staðarbóll í Dölum: Fornleifarannsókn 2021*. Fjölrit Fornleifastofnunar Íslands nr. FS854-20172.

Gunnar Páll Ævarsson. 2022. *Náttúra og mannvist: Eðli og ástæður umhverfisbreytinga við Staðarból í Dalarsýslu frá byrjun 2. aldar f. Kr. til loka 17. aldar e. Kr.* BS ritgerð í landfræði, Líf- og umhverfisvísindasvið. Ritgerð Gunnars er aðgengileg á Skemmuni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/40423>

Sandra Gunnarsdóttir. 2022. *Þjóðleiðir í Dölum: Ferðalög Dalamanna á 12. og 13. öld*. B.A. ritgerð í sagnfræði, Hugvísindasvið. Háskóli Íslands. Ritgerð Söndru er aðgengileg á Skemmuni í gegnum eftirfarandi hlekk: <http://hdl.handle.net/1946/38293>

Úlfar Bragason. 2021. *Reykholt Revisited: Representing Snorri in Sturla Þórðarson's Íslendingasaga*. Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Viðauki: Sýnishorn úr útgáfu Resensbókar

Skrifað eftir handritinu DG 34–46

38v-39r „Veraldarsöguefni (um Þýskalandskeisara). Skrifað tvídálka. Íslenzkur texti í fremra dálki, latnesk þýðing í þeim aftara.“ Það er, efnisatriði 2 í skrá Resens: *Pauca quædam de Imperatoribus Germanicis* (ofurlítið um Þýskalandskeisara)

38v

1	Karla Magnús Pipinsson var fyrst keisare fyrer nordan fjall / hann var kongur í 46 æar / hann kom christne ä Sax	Carolus magnus Pipini filus primus imperator transalpinius requavit annis 46. Hic primus Gremanicam Christianæ fidei ob
5	land / og andadest 815 ara eptter holldgan drottens / Hann wijgde til keisara Leo paffe sa er hinn þridje war med þwij nafne	edientem reddidit. elecessit 815 post micarnationem domin nni annis / hunc inauguravit in imperatorem Leo papa tertius ejus nominus
10	Wid Carl eru samtijda Ni cephorus og Michael og Leo Armenus Mycklagards kon gar	Caroli æqvales sunt Nicepho rus et Michael et Leo Arme nus Constantinopolitæm impera tores
15	Lodrer sonur hans med Brædrum Sijnum / ä hans dogum ofarla tóku nord menn ad byggja Jsland Carl Lodrers son med brædrum sijnum í 11 ar Ørnolfur Broder hans i 12 ar	Ludovicus filius ipsus cum fratribus. <u>Ilius temporibus</u> <u>hect hero, Nromann Jslandiam</u> <u>incolere cæpunt.</u> Corolus Ludovici filius cum fratribus annis 11
20	Lodrer Ørnolfsson i 12 är	Arnulfus ejus frtar annis 12 Loduvicus Arnulfi filius annis 12 Conradus Conradi f: ann. 7

	Conradur Conradsson i 7 ar	Henricus annis 18
	Heinrekur i 18 ar	Otto magnus Henrici f. 38 ann.
25	Otta hinn mjökke Heinreks son i 38 ar	iste primus Vandalos ad Christi amam fidem convertit
	Hann kom christne ä Win land.	<u>Otto rufus filius ipsus pri mus Danicam Christi lueri feat</u>
	Otta hinn raude sonur hans,	<u>tempore Haraldi Gormorus f.</u>
30	hann kom christne ä danmork um daga Harallds Gorms sonar	Otto juvenis filius ejus 18 ann. hoc impatore ungari et scyldæ (Roxolami) religionem christianam susceperunt
	Otta hinn unge hans sonur i 18 ar. Þä toku unga	
35	rar wid christne og Gar damenn	
39r		
1	i þann tijma kom Olafur Tryggvason Chrisne i Noreg og Jsland	Eo tempore olaus Tryggonius Norvegiam et Islandiam ad Christi anismum convertit
	Heinrekur 20 ar og 5 ma	Henricus / annis 20 mensis 5
5	nude	Conradus annis 15
	Conradus 15 ar	interregnum annis 3
	þjell nidur keisaradomur um 3 ar	Henricus Conradi filius affinis (an gener? nam vox intrung de signat) <u>Canuti divitis</u> , hic cogno
	Heinrekur Conradsson	minatus est largus
10	mägur knuts hins ryka	
	hann var kalladur hinn millde	interregnum annis 27

	fjell nidur keisaradomur	
	27 ár	
	Á dógum þessa keisara	tempore sujus imperatoreis peregri
15	föru nordmenn til jorsala	nati sunt Normanni et iter
	Heinricur sonur hans 49	susceperunt Hierosolymam.
	ar. hann braut Romaborg	Henricus ejus filius 49 annis
	Þá var Gregorius septimus	is Romam excidit tempore Gre
	papa	gorij Septimi pontificis.
20	Heinricur Heinreksson i	Henricus Henrici annis 17
	17 ar. hann dö nær MCXX	is mortius est circa 1120 anno
	wetrum epter holldan [sic]	at incarnatione Domini
	drot	
	tens	Lotarius annis 14
25	Lazarius 14 ar (Funicio	
	Lotarius)	Conradus 14 aut 15 annis
	Conradus 14 ar eda 15	Fridericus, annis 30
	Fridricus 30 ár	Henricus ejus filius annis 7,
	Heinricur sonur hans 7	mensusus 5
	ar og 5 manude	Philippus ex Svevia
30	Philippus aff Swafa	Otto Henrici duas Brunsvicen
	Otta son Heinrichs hertoga	sis filius
	aff Brunswijk	Fridericus Henrici filius 39
	Fridricus Heinrichs son 39	annis, is mortimus est (***)51
	är. hann andadest (xx)li	

39v

fragmentum annalium aliud

Carla Magnus var keisare 13 we
tur a dogum Leonis paffa

Ludovicus sonur hasn 15 wetur
hann atte 4 sonu / og skiptu rij
kjum med sjer / haffde Carl
francus. aff honum er **fracha**
kongar.

Lipin þann hlut rijkiss er lá
austur frá Ludovicus þyd-
werskt land. Þwij kalla nor
menn hann keisara.

Lotaerius haffde utan fjall og
war yfer 10 wetur / og sydan
med syne sijnum Ludovicus
5 wetur.

Carolus 1 vetur og 10 manude
Carolus á dogum Johannis og Mar
tini pafa 8 vetur / hann var vitur
og sigursæll.

Ludovicus 5 vetur. epter þen
na Lovis gjeck keisaradomur
ur ætt Carla Magnusar. og var
þa nu hrijd keisaradómur i ætt
þeirra hofdingja fyrer utan
fjall þeirra var fyrst

Beringer Cum filio **sno** Beren-
gari á dogum Sergij pafa i 8 ár

Huge á dogum Leonis pafa 27

Carolus magnus imperavit 13 annis
tempore Leonis pontificis.

Ludovicus ejus filius 15 annis is
et filius habuit / qui inter se regna
diviserunt. Carolus Fanciam
obtinuit ex eo sunt francorum
reges.

Lipinus eam partem regim que ad
orti est. Ludovicus Ger
maniam. ideo illum impato
rem nominans Normanni.

Lotarius regnum obtinuit trans
Alpes et præfuit 10 annis et cum
filio postea 5 annis.

Carolus regnavit anno et
decem mensibus

Carolus tempore Johannis et Mar
tini pp. annis 8. is sapiens et
felix fult

Ludovicus 5 annis. post eum
extra stirpem Caroli Magni **fe**
verit imperium / et aliquandiu
mansit penes **prinapes** trans
alpinos. quorum primis fult

Berengarius aum filio Beren
gario tempore sergij pontificas
annis 8

Hugo tempore Leonis papa 27

ar og son hans með honum Beringer / á þessa dogum gjordu ungarar mesta hervirke i Hispania.

Lotarius á dogum Agapeti pafa 2 ar Beringer og Albricht son hans voru keisarar á dogum Agapeti og Johannis pafa 9 vetur.

Epter þenna voru þydversker menn keisarar. og var hinn fyrste otto hinn myckle á dogum Johannis og Benedicti

reliqva desiderantur

annis et cume o filius Berengarius. Hoc imperatore ungari in Hispanias inrumpentes famma maxima dederunt.

Lotarius tempore Agapeti papa 2 annis. Berengarius et Albertus ejus filius imperarunt tempore Johannis papa annis 9.

Postea Germain imperio successerunt, quorum primus erat otto magnus tempore Johannis et Benedicti pp.